

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: mánudagur, 11. ágúst 2025 12:22
To: Pétur Davíðsson; Óli Rúnar Ástþórsson; Guðný Elíasdóttir; Kristín Jónsdóttir
Cc: Sigrún Guttormsdóttir Þormar
Subject: FS: Tillögur sameiginlegrar kjörnefndar um framkvæmd íbúakosningu um sameiningu sveitarfélaga
Attachments: Sveinbjörn Eyjólfsson_202508061916.pdf

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Sveinbjörn Eyjólfsson

Sent: miðvikudagur, 6. ágúst 2025 19:02

Til: Borgarbyggð sveitarstjóri <sveitarstjori@borgarbyggd.is>; Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>; Guðveig Eyglóardóttir <gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is>; Finnsson, Jón Hrói <jhfinnsson@kpmg.is>

Afrit: Fjóra Benediktsdóttir <fjolab@skorradalur.is>; Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@skorradalur.is>; Olafur Pálsson <olipals67@gmail.com>; Sóley Sigurþórsdóttir <soleybb@gmail.com>

Efni: Tillögur sameiginlegrar kjörnefndar um framkvæmd íbúakosningu um sameiningu sveitarfélaga

Góðan daginn öll.

Í trússi má finna þrjár fundargerðir sameiginlegrar kjörnefndar Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Almennt má segja að nefndin vinni vel saman og einhugur ríki í nefndinni.

En tíminn líður og það styttest óðum í að kosningar hefjist og mörgu þarf að sinna áður en hún hefst.

Í fundargerð sem merkt er 4 fundi er að finna tillögur nefndarinnar um framkvæmd kosninganna. Þar má finna þá kjördaga sem nefndin leggur til og opnunartíma kjörstaða í hvoru sveitarfélagi. Við gerum ráð fyrir að kosið sé í ráðhúsi Borgarbyggðar 11 virka daga og flesta daga verður opið milli 12:00 og 14:00. Aðeins lengri opnunartími verður fyrsta daginn. Þá leggjum við til að kosið verði í Laugabúð í Skorradal 5 virka daga. Fyrsta daginn verður sami tími og í Borgarbyggð en seinni fjóra dagana verði það síðdegis þannig að sömu aðilar stjórni kosningu á báðum stöðum.

Svipað og gert var á sunnanverðum Vestfjörðum þá leggjum við til að hinar venjubundnu kjördeildir í Borgarbyggð verði opnaðar einn dag en í mun styttri tíma en í venjubundnum kosningum. Gert er ráð fyrir að Lindartungukjördeild, Þinghamarkjördeild og Kleppjárnsreykjakjördeild verði opnar 18. september en Borgarnes kjördeildin 20. september, síðasta dag kosninganna, Gert er ráð fyrir að þar geti allir íbúar kosið óháð búsetu. Þeim kosningum yrði stýrt að viðkomandi kjörstjórnnum.

Þá leggjum við til að ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf við kosningarnar. Kannski má frekar segja að einn úr sameiginlegri kjördeild fái aukið hlutverk og verði við kosningar alla virka daga (utan fyrsta daginn), bæði í Borgarbyggð og í Skorradalshreppi. Það hefur auðvitað í för með sér kostnað en tryggir samfellu í kosningunum.

Einnig er þess óskað að KPMG láti hanna og útbúa kjörgögn vegna póstkosninga ásamt því að útbúa netfang þeim tengdum.

Að miklu leyti skýra þessar tillögur sig sjálfar en óskað er heimildar til þeirra fjárútláta sem þær útheimta. Þess er óskað að viðkomandi sveitarstjórnir svari sem allra fyrst þannig að hægt verði að skipuleggja starfið áfram.

Með kveðju fyrir hönd kjörnefndar, Sveinbjörn